

Nd.

741. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir heimild til þess að setja á stofn skrifstofu til leiðbeiningar erlendum og innlendum ferðamönnum, og nefnist hún Ferðamannaskrifstofa ríkisins.

2. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal starfa að því að veita fræðslu um landið, innanlands og utan, með það sérstaklega fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á því.

3. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um.

4. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrá af ferðamannaskrifstofum einstakra manna eða félaga, gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningabifreiða. Nú virðist einhver liður gjaldskrána ósanngjarn, og hefir þá Ferðamannaskrifstofa ríkisins heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er ferðamannaskrifstofur einstaklinga eða félaga, eigendur gistihúsa og veitingahúsa og eigendur fólksflutningabifreiða hafa rétt til að tilnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út.

5. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, þrúðmannlegri umgengni og aðhúnaði ferðamanna. Finni Ferðamannaskrifstofa ríkisins ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa ekki skipast við umvöndun Ferðamannaskrifstofu ríkisins, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Ferðamannaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur Ferðamannaskrifstofu ríkisins, og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna skrifstofunnar. Ráðherra hefir heimild til þess að láta einhverja af ríkisstofnunum þeim, sem þegar eru starfandi, hafa Ferðamannaskrifstofu ríkisins með höndum. Rekstrarhalli, sem verða kann af skrifstofunni, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.